

Fundargerð stjórnar Fíh

8. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021-2022 miðvikudaginn 8. desember 2021, kl: 09:00-14:00

Mættir: Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Forföll: Hildur Björg Sigurðardóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir, fjármálastjóri Fíh.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerðir síðustu funda.

Afgreiðsla: Fundargerðirnar samþykktar.

Til upplýsinga

2. Úrskurður heilbrigðisráðuneytisins vegna kæru í kvörtunarmáli

Nýlega var kveðinn upp úrskurður í heilbrigðisráðuneytinu vegna kæru á málsmeðferð embætti landlæknis í kvörtunarmáli á hendur hjúkrunarfræðingi. Kæran snýr að meðferð málsins sem varðar meintar tafir á afgreiðslu þess hjá embættinu. Skv. úrskurðinum er það mat ráðuneytisins að málsmeðferð embættis landlæknis felí í sér brot á 9. gr. stjórnarsýslulögum um málshraða og embættinu gert að ljúka meðferð málsins eins fljótt og auðið er.

Afgreiðsla: Umræður og fagnar stjórn þessari niðurstöðu sem náðist fyrir hjúkrunarfræðinginn. Einnig rætt um mikilvægi þess að farið sé að stjórnarsýslulögum. Brýnt sé að leysa vanda embætti landlæknis svo ekki komi til slíkra tafa á málsmeðferð. Slíkt hefur þegar valdið vanlíðan og óþarfa álagi á það heilbrigðisstarfsfólk sem hefur þurft að bíða eftir úrskurði.

3. Stofnanasamningar

Búið er að ljúka við gerð all flestra stofnanasamninga við atvinnurekendur eins og sjá má á vef félagsins. Áframhaldandi samtal er vegna þeirra sem eru ókláraðir og stefnt að því að þeim ljúki á fyrstu vikum komandi árs.

Til umræðu

4. Rekstraryfirlit sjóða jan – okt 2021, drög að fjárhagsáætlun 2022

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri Fíh kynnti fyrir stjórn fjárhagsáætlun á sex sjóðum Fíh fyrir árið 2022. Áætluð hækkun á iðgjöldum milli ára er 2%.

Afgreiðsla: Umræður. Fjármálastjóri vinnur áfram að áætlun fyrir árið 2022 og kynnir aftur fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi.

5. Aðgerðaáætlun við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Unnið hefur verið frekar að aðgerðaáætluninni og lokadrög að verða tilbúin.

Afgreiðsla: Umræður. Lokdrögin verða tekin fyrir á næsta stjórnarfundi í janúar 2022.

6. Endurskoðun vefsíðu Fíh

Hafin er vinna við endurskoðun á veftré og vefsíðu félagsins í samstarfi við Sjá ehf. Markmiðið er að einfalda og bæta aðgengi félagsmanna að innri og ytri síðu félagsins. Hjúkrunarfræðingar eru farnir í auknum mæli að nýta sér vef félagsins og netspjallið.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fagnar aukinni notkun rafrænna upplýsinga hjá hjúkrunarfræðingum og því verið að auka enn frekar á þá þjónustu til félagsmanna.

7. Styrktarsjóður Fíh

Aukning hefur orðið í umsóknum hjúkrunarfræðinga í styrktarsjóð vegna langvarandi veikinda. Árið 2021 hefur orðið 20% aukning á úthlutuðu fjármagni úr sjóðnum og jókst fjöldi umsókna um 33% fyrstu sex mánuði ársins, í samanburði við árið 2020. Skv. upplýsingum frá VIRK hefur fjöldi hjúkrunarfræðinga hjá þeim aldrei verið meiri en í ár.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn lýsir yfir miklum áhyggjum yfir núverandi stöðu og mun skoða nánar hvort möguleiki sé á að veita frekari styrki til hjúkrunarfræðinga vegna álags í starfi.

8. Væntanlegur fundur með ráðherra – áhersluatriði

Formaður hefur óskað eftir fundi með nýjum heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórssyni en tímasetning liggur ekki fyrir. Á fundinum verður farið yfir stöðu stéttarinnar og þau verkefni sem brýnt er að leysa í ljósi erfiðrar stöðu heilbrigðiskerfisins í dag.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fagnar væntanlegum fundi og bindur vonir við að heilbrigðisráðherra hrindi í framkvæmd mikilvægu verkefnum sem þarf til að tryggja viðunandi mönnum hjúkrunarfræðinga í íslensku heilbrigðiskerfi.

9. Hjúkrunarfræðingar á vinnumarkaði – staðan í dag

Í vetur hafa verið tíðar fréttir af miklu álagi í heilbrigðiskerfinu, m.a. á bráðamóttöku á Landspítala og fleiri starfseiningum. Er það aðallega tengt faraldrinum, innlagnarvanda og vöntun á hjúkrunarfræðingum til starfa. Uppsagnir hjúkrunarfræðinga eru m.a. á bráðamóttöku sem munu taka gildi 1. mars 2022, að öllu óbreyttu. Einnig hafa hjúkrunarfræðingar verið að minnka við sig starfshlutfallið. Tveir fundir með trúnaðarmönnum hjúkrunarfræðinga voru haldnir í síðustu viku og mjög þungt hljóðið í þeim. Umræðurnar endurspegluðu erfitt starfsumhverfi, aukna yfirvinnu, mikið álag og skortinn á hjúkrunarfræðingum til starfa. Vaktir eru ekki að fullu mannaðar og nauðsynlegt að skýra betur hver ber endanlega ábyrgð ef mistök í starfi gerast vegna ástandsins sem nú er í heilbrigðiskerfinu.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn Fíh lýsir yfir miklum áhyggjum af velferð hjúkrunarfræðinga í núverandi starfsumhverfi þar sem aðstaða og mönnum er ófullnægjandi. Nauðsynlegt er að atvinnurekendur og yfirvöld bregðist strax áður en frekari flótti verður úr stéttinni því það mun ógna enn frekar gæðum og öryggi veittrar heilbrigðisþjónustu. Innleiða þarf mönnunarviðmið og læra af reynslu annarra landa í að bæta þetta ástand. Stjórn mun fylgjast mjög náið með næstu skrefum og bregðast við.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:00.

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 26. janúar 2022.

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.